



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# Skuldbindingaskrá

Gagnamódel útgáfa 1.5

27. nóvember 2012

## *Efnisyfirlit*

1.	Inngangur.....	2
2.	Gögn.....	3
2.1	Dagsetning.....	3
2.2	Kröfuhafi.....	3
2.2.1	Kennitala.....	3
2.2.2	Kennitala móðurfélags.....	3
2.3	Mótaðili 3	
2.3.1	Kennitala.....	3
2.3.2	Heiti.....	4
2.3.3	Land.....	4
2.3.4	ISAT2008.....	4
2.3.5	Rekstrarform.....	4
2.3.6	Tengslahópur.....	6
2.4	Skuldbinding.....	6
2.4.1	Lán.....	7
2.4.2	Verðbréf.....	14
2.4.3	Afleiður.....	15



## 1. Inngangur

Á 138. löggjafarþingi voru samþykktar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, lög nr. 161/2002. Þar er fjármálafyrirtækjum gert skylt að halda sérstaka skrá um alla þá er njóta lánaþingreiðslu, en með því er átt við beinar lánaþingingar til viðkomandi, kaup á skuldabréfum útgefnum af viðkomandi, kaup á eignasafni annars lánaþinganda þar sem er að finna kröfu á viðkomandi og hvers konar önnur fyringreiðsla sem jafna má til lánaþingreiðslu, enda nemi heildarlánaþingreiðsla viðkomandi við fjármálafyrirtækið að kröfuvirði (claim value) 300 m.kr. eða meira.<sup>1</sup> Við útreikning á heildarlánaþingreiðslu þá skal fjárhæð vegna afleiðusamninga vera grundvallarfjárhæð, sbr. sú fjárhæð sem margfölduð er með áhættuhlutföllum í útreikningi útlánaígildis. Einnig þarf að taka hlutabréf (skráð og óskráð), útgefin skuldabréf og önnur verðbréf með í reikninginn.

Við útreikning á áhættuskuldbindingu skal taka tillit til skuldbindinga aðila sem eru tengdir viðkomandi aðila. Þ.e.a.s. ef heildarskuldbinding á tengdra aðila fer samtals yfir 300 m.kr. þá eiga skuldbindingar allra þeirra að koma inn í skuldbindingaskrána. Við mat á tengdum aðilum liggur fyrir umræðuskjal nr. 7/2011 um leiðbeinandi tilmæli um mat á tengslum aðila í skilning reglna um stórar áhættuskuldbindingar<sup>2</sup>.

Hvert fjármálafyrirtæki skilar inn sjálfstæðri skuldbindingaskrá. Séu tvö eða fleiri fjármálafyrirtæki hluti af sömu samstæðu þurfa þau að keyra saman viðskiptamannalistann og skuldbindingar þeirra til að athuga hvort viðskiptaaðili fari yfir 300 m.kr. markið. Ef aðili fer yfir markið skulu báðir / allir eftirlitsskyldir aðilar skila inn upplýsingum um þá fyringreiðslu sem er til staðar hjá þeim gagnvart viðkomandi mótaðila með sinni Skuldbindingaskrá.

Megintilgangur skrárinnar er að tryggja að eftirlitsaðilar geti haft nægilega yfirsýn yfir stöðu þeirra viðskiptamanna fjármálafyrirtækja sem eru það kerfislega mikilvægir að áföll í rekstri þeirra kunni að hafa áhrif út fyrir viðskiptasamband þeirra og viðkomandi fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtæki skal senda Fjármálaeftirlitinu uppfærða skrá miðað við hver mánaðamót. Skal skráin greinast í nöfn og kennimerki lántakenda. Einnig skulu vera inn í skránni skuldbindingar allra tengdra aðilar sem fjármálafyrirtækið lítur á sem hóp tengdra viðskiptamanna. Fari engin áhættuskuldbinding yfir 300 m.kr. skal fjármálafyrirtæki samt sem áður skila skuldbindingaskránni til Fjármálaeftirlitins (þá tómrí).

Skuldbindingaskrá á við alla eftirlitsskylda aðila sem eru með útlánaheimild. Hér að neðan má sjá lista yfir núverandi og fyrirhugaðar útgáfur Skuldbindingaskrár:

- v1.0 - Skuldbindingaskrá grunnur
- v1.5 – Skuldbindingaskrá grunnur, uppfært með lagfæringum
- v2.0 – Skuldbindingar + tryggingar (veð) + tengsl aðila. Uppfærsla áætluð 2013.

<sup>1</sup> Sem dæmi þá skal fyringreiðsla koma inn í skrána sé kröfuvirði hennar yfir 300 m.kr. þótt að bókfært virði hennar sé 0 kr.

<sup>2</sup> Sjá <http://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/nr/1322>



## 2. Gögn

Öll innsend gögn falla undir XML skema (gagnamódel) þar sem innsend gögn þurfa að eiga við (validate). Ein lína er send inn fyrir hverja skuldbindingu.

### 2.1 Dagsetning

Type: Date

Length: 8

Format: yyyyymmdd

Dagsetning á stöðu skuldbindingar. Öll gögn og gildi miðast við þessa dagsetningu. Ef miðað er við að gögnum er skilað inn á mánaðarfresti, á þessi dagsetning að vera síðasti dagur hvers mánaðar.

### 2.2 Kröfuhafi

Kennitala kröfuhafa (lánveitanda) er tengd við fyrirtækjaskrá og grunn gögn um eftirlitsskylda aðila hjá Fjármálaeftirlitinu.

#### 2.2.1 Kennitala

Type: Char

Length: 10

Format: 0000009999

Kennitala kröfuhafa (lánveitanda) - hér skal setja inn lögaðila, en ekki nota kennitölur útibúa.

#### 2.2.2 Kennitala móðurfélags

Type: Char

Length: 10

Format: 0000009999

Ef kröfuhafi (lánveitandi) er dótturfélag eftirlitsskylds aðila, þá er hér sett inn kennitala móðurfélags.

### 2.3 Mótaðili

Kennitala mótaðila (skuldara) er tengd við fyrirtækjaskrá eða þjóðskrá hjá Fjármálaeftirlitinu. Ef um verðbréf er um að ræða er kennitala útgefanda sett inn hér.

#### 2.3.1 Kennitala

Type: Char

Length: 10

Format: 0000009999

Kennitala mótaðila er tengd við fyrirtækjaskrá / þjóðskrá og/eða önnur grunn gögn hjá Fjármálaeftirlitinu.



Ef um erlendan aðila er að ræða sem ekki hefur löglega íslenska kennitölu (fyrirtækjaskrá eða þjóðskrá) er þetta svæði haft autt en nafn viðkomandi gefið upp í staðinn.

### 2.3.2 Heiti

Type: VarChar

Length: 100

Heiti aðila er fundið út frá fyrirtækjaskrá / þjóðskrá út frá kennitölu viðkomandi. Aðeins þarf því að senda inn heiti mótaðila þegar um er að ræða erlendan aðila, t.d. með "dummy" kennitölu eða auðkenni sem ekki er að finna í fyrirtækjaskrá / þjóðskrá. Nauðsynlegt er að gefa upp fullt löglegt heiti aðila sem ekki er að finna í fyrirtækjaskrá / þjóðskrá.

### 2.3.3 Land

Length: 3

Type: Char

Aðeins þarf að senda inn land (lögheimils) mótaðila þegar um er að ræða erlendan aðila sem ekki er að finna í fyrirtækjaskrá / þjóðskrá. Þriggja stafa landakóði viðkomandi lands er þá notaður ([ISO 3166-1, Alpha-3 code](#)). Þjóðerni annarra aðila er tengt við þjóðskrá út frá kennitölu viðkomandi.

### 2.3.4 ISAT2008

Type: Char

Length: 7

Format: xx.yy.z

ISAT 2008 er atvinnugreinaflokkunarkerfi gefið út af Hagstofu Íslands og Ríkisskattstjóri nýtir flokkunina við flokkun fyrirtækja í fyrirtækjaskrá stofnunarinnar.<sup>3</sup> ISAT 2008 flokkun eins og hún er í kerfum skilaaðila, þ.e.a.s. samkvæmt bestu vitund skilaaðila með þeim leiðréttingum sem hafa átt sér stað hjá þeim.

### 2.3.5 Rekstrarform

Type: Char

Length: 2

Rekstrarform mótaðila eins og það er skráð hjá RSK. Möguleg rekstrarform:

A1	Einstaklingur í atvinnurekstri
A2	Dánarbú einstaklings
AX	Einstaklingsfyrirtæki með kennitölu (skráð fyrir 1. júlí 2003)

3 Sjá [http://www.rikisskattstjori.is/birta\\_sidu.asp?vefslod=/utgafa/isat2008.asp&val=17.0](http://www.rikisskattstjori.is/birta_sidu.asp?vefslod=/utgafa/isat2008.asp&val=17.0)



B1	Sameignarfélag almennt (sf)
B2	Sameignarfélag opinberir aðilar
BX	Önnur sameignarfélög (óskilgreind)
C1	Samlagsfélag, almennt (slf)
C2	Byggðasamlag (bs)
D1	Hlutfélag, almennt (hf)
D4	Hlutfélög - opinber
DX	Útibú/deild hlutfélags
E1	Einkahlutfélag (ehf)
E2	Einkahlutfélag (ehf) - Alþjóðlegt viðskiptafélag (ehf a.v.)
F1	Samlagshlutfélag
G1	Samvinnufélag (svf)
G2	Húsnæðissamvinnufélag
H1	Sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur (ses)
H2	Sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá
HX	Aðrar sjálfseignarstofnanir - útibú/deild
K1	Ríkisstofnun
K2	Stofnun sveitarfélags
K3	Fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélags
K4	Opinber aðili
K5	Stofnun/fyrirtæki í eigu erlends ríkis
KX	Útibú ríkisstofnunar/sveitarfélags
L1	Sparisjóður
LX	Útibú sparisjóðs
M1	Lífeyrissjóður
N1	Félagasamtök
N2	Áhugamannafélag
NX	Önnur félagasamtök/áhugamannafélög
P1	Húsfélag
P2	Félagsbú
P3	Veiðifélag
P4	Félag í frístundabyggð
R1	Útibú erlends félags
R2	Erlent félag með tímabundna starfsemi á Íslandi



Z1	Erlent félag/fyrirtæki, v/bankaviðskipta
Z2	Sjóður/deild innan fjármálafyrirtækis
Z3	Erlent félag/fyrirtæki, v/bankaviðskipta m/takmarkaða ábyrgð
ZX	Önnur félög utan aðalskrár

### 2.3.6 Tengslahópur

Type: VarChar

Length: 255

Fyrir hvern hóp sem eftirlitsskyldur aðili skilgreinir sem tengda aðila, skal velja einn aðila sem auðkennir hópinn. Kennitala þess aðila er notuð til að auðkenna tengslahópinn. Ef aðili er meðlimur í fleiri en einum hóp er mögulegt að að skila fleiri kennitölum aðskildum með semíkómu (;). Ef aðili hefur ekki íslenska kennitölu skal skila nafni hans í staðinn.

## 2.4 Skuldbinding

Skuldbindingar geta verið lán, verðbréfaeign og afleiður. Sé samtala allra skuldbindinga 300 m.kr. eða meira þá lenda allar þessar skuldbindingar á skuldbindingaskránni. Við útreikning á áhættuskuldbindingu skal taka tillit til skuldbindinga aðila sem eru tengdir viðkomandi aðila. Þ.e.a.s. ef heildarskuldbinding á tengdra aðila fer samtals yfir 300 m.kr. þá eiga skuldbindingar allra þeirra að koma inn í skuldbindingaskrána.

Allar tölur eiga að vera í heilum tölum, án punkta og annarra merkja, nema þar sem aukastafir eru gefnir upp. Tölur með aukastöfum skal nota kommu á milli. **ATH: Ekki er leyfilegt að skila tölum í þúsundum eða milljónum.**

Allar upphæðir skulu vera í íslenskum krónum, nema annað sé tekið fram (s.s. upphafleg fjárhæð láns og kröfuvirði láns sem skal gefa upp í viðkomandi gjaldmiðli)

### A) Lán

Við útreikning á 300 m.kr. heildarskuldbindingarviðmiðinu þá ber að miða við kröfuvirði (claim value) þess láns. Í þeim tilvikum þar sem útlánaáhættan hefur verið seld öðrum og lánin eru ekki lengur í bókum fjármálafyrirtækisins þá þarf ekki að lista þau upp í skuldbindingaskrá enda uppfyllti færsla á útlánaáhöttu í skilyrði 29.gr.b. laga nr. 161/2002. Hafi eftirlitsskyldi aðilinn aðeins keypt tryggingu á útlánið og lækkað þannig nettó áhættuskuldbindingu má ekki undanskilja útlánið úr skuldbindingaskrá. Ef útlánnum hefur verið pakkað saman í vafning sem svo er seldur þá þarf sá vafningur að uppfylla reglur þær sem fjármálaeftirlitið setur um vafninga og flutning á útlánaáhöttu, sbr. 30. gr. í Directive 2009/111/EC og 29. gr. a. í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Í skuldbindingaskrána skal aðeins færa inn ádregna ádráttarheimild, þ.e. ekki óádregna. Ádregnar yfirdráttarheimildir á að taka með. Ekki þarf að tilgreina handbært fé í skýrslunni.



## **B) Verðbréf** (skuldabréf, hlutabréf)

Í þessum flokki falla bæði skuldabréf og hlutabréf. Hér skal notast við bókfært verð hlutabréfa og annað hvort kröfuvirði eða bókfært verð skuldabréfa eftir því hvort er hærra.

## **C) Afleiður**

Við útreikning á heildarlánafyrirgreiðslu þá skal fjárhæð vegna afleiðusamninga vera grundvallarfjárhæð, sbr. sú fjárhæð sem margfölduð er með áhættuhlutfalli í útreikningi útlánaígildis. Sé bankinn lántaki í skortstöðusamningi þarf ekki að taka tillit til slíks samnings við gagnainnsetningu í skuldbindingaskrá. Ef aftur á móti bankinn er lánveitandi í skortstöðusamningi skal taka tillit til þess við útreikning á heildarstöðu.

### **2.4.1 Lán**

#### **2.4.1.1 Lánsnúmer**

*Type: Char*

*Length: 50*

Einkvæmt númer frá kröfuhafa (lánveitanda).

#### **2.4.1.2 Yfirlán**

*Type: Char*

*Length: 50*

Ef fleiri en einn leggur eru á láninu, þá þarf að vera eitt og sama yfirlánsnúmer á þeim öllum og mismunandi lánsnúmer á hverjum legg.

#### **2.4.1.3 Útgáfudagur láns**

*Type: Date*

*Length: 8*

*Format: yyyyymmdd*

Útgáfudagur skal vera upphafsdagur láns en ekki síðasta skilmálabreyting. Hvað varðar kreditkort að þá skal miða við upphafsdag tímabils. Ef um veltikort er að ræða skal miða við stofndag reiknings eða þann dag sem kortinu var breytt úr almennu korti yfir í veltukort.

#### **2.4.1.4 Dagsetning skilmálabreytingar**

*Type: Date*

*Length: 8*

*Format: yyyyymmdd*

Hér skal setja dagsetningu síðustu skilmálabreytingu lánsins. Ef láni hefur ekki verið skilmálabreytt er svæðið ekki fyllt út.





#### 2.4.1.5 Upphafleg fjárhæð

Type: Numeric

Length: 13

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

Upphafleg fjárhæð lánsins í þeim gjaldmiðli sem kemur fram í skuldaskjali<sup>4</sup>.

#### 2.4.1.6 Gjaldmiðill

Type: Char

Length: 3

Þriggja stafa kóði gjaldmiðils, skv. stöðlum þar um ([ISO 4217, Code](#))

Ef um myntkörfulán er að ræða þá setja eina línu í skuldbindingaskrá fyrir hvern gjaldmiðil, þ.e. skipta láninu upp eftir gjaldmiðlum og setja auðkenni myntkörfulánsins sem Yfirlán í þessar línur. Við útreikning á gengi skal m.v. miðgengi Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Ef um lán í RFI (Reiknimynt fiskveiðasjóðs) er um að ræða, eða aðrar reiknimyntir, ber skilaaðila að senda gögn eins og um erlendan gjaldmiðil væri að ræða. 3 stafa kóði reiknimyntar væri þá ekki samkvæmt ISO 4217, heldur sérstök útfærsla af 3 stafa kóða sem viðkomandi fjármálafyrirtæki notar.

#### 2.4.1.7 Upphafsgengi gjaldmiðils

Type: Decimal

Length: 10

Format: 4 aukastafir

Gengi gjaldmiðils þann dag sem lánið er gefið út. Gengi ISK er alltaf 1.

#### 2.4.1.8 Fyrsti gjalddagi láns

Type: Date

Length: 8

Format: yyyymmdd

Hér er átt við fyrsta gjalddaga m.v. greiðsluskilmála lánasamnings.

#### 2.4.1.9 Fjöldi afborgana

Type: Numeric

Length: 3

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

Hér er átt við heildarfjölda afborgana í gildandi útgáfu samnings.

---

<sup>4</sup> Fjármálaeftirlitið getur því reiknað upphaflega fjárhæð í íslenskum krónum með því að margfalda upphaflegu fjárhæðina (3.1.4) með upphafsgengi gjaldmiðils (3.1.6).



#### 2.4.1.10 Fjöldi vaxtagreiðslna

Type: Numeric

Length: 3

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

Hér er átt við heildarfjölda vaxtagreiðslna í gildandi útgáfu samnings.

#### 2.4.1.11 Lokagjalddagi

Type: Date

Length: 8

Format: yyyyymmdd

Hér er átt við lokagjalddaga m.v. greiðsluskilmála lánasamnings en ekki þá dagsetningu sem viðskiptavinur greiddi raunverulega lokagreiðsluna, t.d. vegna vanskila.

#### 2.4.1.12 Kröfuvirði

Type: Numeric

Length: 13

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

Staðan á uppgefni dagsetningu stöðu skuldbindingar (2.1), í viðkomandi gjaldmiðli á kröfuvirði (e. claim value). Í kröfuvirði eiga að koma eftirstöðvar af höfuðstól + áfallnar ógreiddar verðbætur + áfallnir ógreiddir vextir. Hér skal kröfuvirði einnig taka tillit til dráttarvaxta og annars kostnaðar vegna vanskila.

#### 2.4.1.13 Núverandi gengi gjaldmiðils

Type: Decimal

Length: 10

Format: 4 aukastafir

Gengi gjaldmiðils láns á uppgefni dagsetningu stöðu skuldbindingar (sjá Gögn -> Dagsetning). Nota skal miðgengi Seðlabanka Íslands.

#### 2.4.1.14 Bókfært virði

Þar sem Fjármálaeftirlitið er að biðja um gögn skömmu eftir mánaðarmót heimilar Fjármálaeftirlitið að nota síðasta skráða bókfærða virði láns og láta dagsetningu fylgja með til að ljóst sé hvenær bókfært virði var síðast uppfært. Uppgefið bókfært virði má þó aldrei vera eldra en þriggja mánaða.



#### 2.4.1.14.1 Bókfært virði fjárhæð

Type: Numeric

Length: 13

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

Bókfært virði (e. book value) á uppgefinni dagsetningu (0) í íslenskum krónum. Með bókfærðu virði er átt við virði lánsins eins og það er bókað í uppgjöri fjármálafyrirtækis.

#### 2.4.1.14.2 Bókfært virði dagsetning

Type: Date

Length: 8

Format: yyyyymmdd

Dagsetning bókfærðs virðis sem gefin er upp í 0 þarf að fylgja með til að ljóst sé hvaða bókfært virði er um að ræða.

#### 2.4.1.15 Virðisrýrnun

Type: Numeric

Length: 13

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

Virðisrýrnun er vegna taps sem bankinn hefur fært gegnum rekstur í bókum bankans á lánum einstaks viðskiptamanns frá því að það var keypt<sup>5</sup> eða veitt. Ef virðisrýrnunin er ekki tengd tilteknu láni heldur heildarvirðisrýrnun á viðskiptavininn að þá skal deila henni niður á lánin (e. specific provision eða specific impairment allowance). Ef til staðar er sértæk virðisrýrnun á tiltekið safn að þá skal reikna hlutfallslega virðisrýrnun viðkomandi viðskiptavinar út frá virðisrýrnunarhlutfalli safnsins.

Almenn varúð (provisions) sem ætlað er til að mögulegu tapi vegna óskilgreindara skuldbindinga þarf ekki að skrá (e. portfolio provision, collective allowance for impairment).

#### 2.4.1.16 Verðtrygging

##### 2.4.1.16.1 Verðtrygging láns

Type: Choice

Valkostir:

- Óverðtryggt
- Vísitala neysluverðs
- Lánskjaravísitala
- Byggingarvísitala
- Önnur íslensk vísitala
- Önnur erlend vísitala

---

<sup>5</sup> Miðað við ofangreint kemur *deep discount* framlagið ekki inn í virðisrýrnunina.



#### **2.4.1.16.2 Grunnvísitala**

Type: Decimal

Length: 10

Format: 4 aukastafir

Gildi vísitölu þegar lánið var gefið út.

#### **2.4.1.16.3 Núverandi vísitala**

Type: Decimal

Format: 4 aukastafir

Length: 10

Gildi vísitölu á uppgefinni dagsetningu stöðu skuldbindingar (sjá 2.1).

#### **2.4.1.17 Afborgunarferill**

Type: Choice

Valkostir:

- Jafnar greiðslur
- Jafnar afborganir
- Eingreiðslulán<sup>6</sup> (aðeins ein greiðsla í lokin, höfuðstóll + vextir + verðbætur)
- Vaxtagreiðslulán<sup>7</sup> (aðeins vextir greiddir á samningstíma, höfuðstóll greiddur upp á loka gjalddaga)
- Óreglulegar greiðslur
- Annað

#### **2.4.1.18 Vanskil**

Upplýsingar um vanskil skulu vera aðeins þær greiðslur láns sem eru í vanskilum á hverjum tíma og miðast við að vanskil séu a.m.k. 30 daga eða eldri.

##### **2.4.1.18.1 Vanskil 90 daga og eldri**

Type: Numeric

Length: 13

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

Greiðslur í vanskilum sem eru 90 daga eða eldri.

---

<sup>6</sup> Kúlulán án vaxtagreiðslna.

<sup>7</sup> Kúlulán með vaxtagreiðslum.



#### **2.4.1.18.2 Vanskil 30-90 daga**

Type: Numeric

Length: 13

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

Greiðslur í vanskilum yngri en 90 daga en eldri en 30 daga. Ekki á að tilgreina vanskil sem hafa varað skemur en 30 daga.

#### **2.4.1.18.3 Fjöldi daga frá síðustu vanskilum**

Type: Numeric

Length: 3

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

Fjöldi daga frá síðasta ógreidda gjalddaga. Hér er átt við dagafjölda frá síðustu vanskilum, þ.e. seinasta greiðsluseðilinn í samhangandi röð afborgana í vanskilum. Ef lánið er ekki í vanskilum í dag að þá er þetta gildi 0.

#### **2.4.1.18.4 Fjöldi daga frá elstu vanskilum**

Type: Numeric

Length: 3

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

Fjöldi daga frá elsta ógreidda gjalddaga.

#### **2.4.1.18.5 Fjöldi gjalddaga í vanskilum**

Type: Numeric

Length: 3

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

Hversu margir gjalddagar eru í vanskilum eldri en 30 daga.

#### **2.4.1.19 Greiðslubyrði**

Hér er átt við upplýsingar um síðasta útgefna greiðsluseðil, en ekki síðasta greidda greiðsluseðil. Ef enginn greiðsluseðill hefur verið gefinn út þá þarf ekki að skila upplýsingum um hann.

##### **2.4.1.19.1 Dagsetning á síðasta greiðsluseðli**

Type: Date

Length: 8

Format: yyyyymmdd

Dagsetning gjalddaga viðkomandi greiðsluseðils.



#### **2.4.1.19.2 Fjárhæð á síðasta greiðsluseðli**

*Type: Numeric*

*Length: 13*

*Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa*

Heildarfjárhæð til greiðslu á síðasta greiðsluseðli.

#### **2.4.1.20 Tryggingar**

*Type: Choice*

Grófflokkun á lánum eftir því hvernig þau eru tryggð. Ef fleiri en ein tegund trygginga er á bak við lánið, þá skal nota þá tryggingu sem vegur þyngst<sup>8</sup>.

Valmöguleikar:

- Lán með veði í fasta- & veltufjármunum
- Lán með veði í verðbréfum
- Lán án trygginga
- Lán tryggð með ábyrgðum

---

<sup>8</sup> Nánari upplýsingar um tryggingar verða tekin inn í útgáfu 2.0 af Skuldbindingaskrá.



## 2.4.2 Verðbréf

### 2.4.2.1 Auðkenni

Type: Char

Length: 20

Einkvæmt auðkenni bréfs.

### 2.4.2.2 ISIN auðkenni

Type: Char

Length: 12

Alþjóðlegt auðkenni samkvæmt ISIN staðli (International Securities Identification Number, ISIN)

### 2.4.2.3 Tegund

Type: Choice

Valkostir:

- Skuldabréf
- Hlutabréf

Í tilviki hlutdeildarsjóða skal fjármálafyrirtækið horfa gegnum sjóðinn og skrá skuldbindingar niður á einstakar eignir.

### 2.4.2.4 Nafnverð

Type: Numeric

Length: 13

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

(e. Nominal value)

### 2.4.2.5 Bókfært virði fjárhæð

Type: Numeric

Length: 13

Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa

Bókfært virði (e. book value) í íslenskum krónum. Með bókfærðu virði er átt við virði verðbréfs eins og það er bókað í uppgjöri fjármálafyrirtækis.



### 2.4.3 Afleiður

#### 2.4.3.1 Samningsnúmer

*Type: Char*

*Length: 20*

Einkvæmt númer samnings frá kröfuhafa.

#### 2.4.3.2 Yfirsamningur

*Length: 20*

*Type: Char*

Ef fleiri en einn leggur eru á afleiðunni, þá þarf að vera eitt og sama yfirsamningsnúmer á þeim öllum og mismunandi samningsnúmer á hverjum legg.

#### 2.4.3.3 Tegund

*Type: Choice*

Valkostir:

- FX forward
- FX option
- FX swap
- IR option
- IR swap
- IR cap
- IR floor
- Stock futures
- Stock option
- Stock swap
- Bonds futures
- Bonds options
- Other

#### 2.4.3.4 Grundvallarfjárhæð

*Type: Numeric*

*Length: 13*

*Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa*

(e. Notional amount)





#### 2.4.3.5 Bókfært virði fjárhæð

*Type: Numeric*

*Length: 13*

*Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa*

Bókfært virði (e. book value) í íslenskum krónum. Með bókfærðu virði er átt við virði afleiðu eins og það er bókað í uppgjöri fjármálafyrirtækis.

#### 2.4.3.6 Markaðsvirði

*Type: Numeric*

*Length: 13*

*Format: heilar tölur, án punkta og aukastafa*

(e. Mark to Market)

#### 2.4.3.7 Auðkenni

*Type: Char*

*Length: 20*

Einkvæmt auðkenni undirliggjandi bréfs, ef það er skráð á markað. Ef bréfið er ekki skráð á markað þá er þetta svæði ekki fyllt út.